

# Reglur

## um flokkun og merking ullar.

*I. flokkur:* Öll hvít vorull, sem er blæfalleg, vel þvegin og vel þur. **97**

10. júlí

*II. flokkur:* Öll önnur hvít vorull, sem er vel þvegin og vel þur.

*III. flokkur:* Öll svört ull, sem er vel þvegin og vel þur.

*IV. flokkur:* Öll mislit vorull, og svört vorull, og hvít vorull, sem ekki er í einhverjum hinna framantöldu flokka, vel þvegin og vel þur.

*V. flokkur:* Hvít haustull, óþvegin, en þur, og í henni sje ekki höfða- eða fótaull, ekki blóðug ull eða önnur óhreinindi.

*VI. flokkur:* Mislit haustull, óþvegin, en þur, og í henni sé ekki höfða- eða fótaull, ekki blóðug ull eða önnur óhreinindi.

Merkja skal hvern sekk þannig: Efst á hliðinni sje stimpilmerkið »ISLAND«. Í línu neðar sje rómversk tala, er sýni hverjum flokki ullin tilheyri. Í línu þar fyrir neðan sje skammstafað, þó ekki með færri en 2 bókstöfum, nafn ullarseljanda. Í neðstu línu skal vera áframhaldandi töluröð, svo að sjáist sekkjatala sú, sem hver einstök verslun eða kaupfjelag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar koma í staðinn fyrir reglur 25. febrúar 1916.

**Í stjórnarráði Íslands, 10. júlí 1916.**

F. h. r.

**Kl. Jónsson.**

---

Oddur Hermannsson,  
aðstm.